



2019

# Skýrsla starfshóps um aldraða og heimilisofbeldi



Reykjavík

28/11/2019

## Inngangur

Stýrihópur verkefnisins **Saman gegn ofbeldi** setti á fót starfshóp til að greina stöðu aldraðra í tengslum við heimilisofbeldi og finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi í þeirra röðum.

Undir hatti verkefnisins **Saman gegn ofbeldi** hefur verið unnin sambærileg greiningarvinna og settar fram tillögur um úrbætur er lúta að fötluðu fólki og heimilisofbeldi, konum ef erlendum uppruna og heimilisofbeldi og hinsegin fólki og heimilisofbeldi. Þessar skýrslur/tillögur er allar að finna á vef borgarinnar.

Lögð var áhersla að í starfshópnum sæti fólk með þekkingu á heimilisofbeldi og einnig fulltrúar eldri borgara. Starfshópin skipuðu:

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar  
Guðrún Ögmundsdóttir, borgarfulltrúi og formaður öldungaráðs /Berglind Eyjólfsdóttir, varaborgarfulltrúi og formaður öldungaráðs íveikindaleyfi Guðrúnar Ögmundsdóttur  
Sigrún Ingvarsdóttir, deildarstjóri á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis/velferðarsviði  
Þóra Jónasdóttir, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu  
Eva Kristín Hreinsdóttir, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
Róbert Bender, Félagi eldri borgara í Reykjavík  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Landssambandi eldri borgara

Halldóra Dýrleifar-Gunnarsdóttir sérfræðingur í jafnréttismálum og verkefnisstjóri verkefnisins **Saman gegn ofbeldi** leiddi starf hópsins. Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar var ábyrgðarmaður hópsins. Valgerður Jónsdóttir, sérfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu var starfskona hópsins.

## Markmið

Markmið starfshópsins var að greina núverandi stöðu mála og að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem aldrað fólk verður fyrir. Sjá nánar um markmið og hlutverk hópsins í erindisbréfi, fylgiskjali 1.

## Skilgreiningar á ofbeldi gegn öldruðum

Samkvæmt skilgreiningu Ríkislögreglustjóra er heimilisofbeldi ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl. Heimilisofbeldi getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og/eða fjárhagslegt. Það felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu (Ríkislögreglustjóri, 2018). Reykjavíkurborg tekur mið af þessari skilgreiningu innan verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreinir ofbeldi gegn öldruðum sem ýmist einstaka eða endurtekna athöfn sem veldur skaða eða þjáningu eða skort á athöfnum af hálfu þess/þeirra aðila sem hinn aldraði ætti að geta treyst.

Þegar ofbeldi gegn öldruðum er til skoðunar er oft greint á milli tveggja yfirflokka:

1. Ofbeldi sem aldraðir verða fyrir af hálfu umönnunaraðila á stofnunum eða af hálfu einstaklings sem veitir þeim þjónustu í heimahúsi (*e. institutional setting*).
2. Ofbeldi sem aldraðir verða fyrir af hendi einstaklinga sem eru þeim tengdir (*e. community setting*).

Í báðum flokkum er um að ræða ofbeldi sem á sér stað innan veggja heimilis brotaþola því þótt viðkomandi sé á stofnun þá er það hennar eða hans heimili (Allcock, 2018).

Ofbeldið getur tekið á sig ýmsar myndir. Hér að neðan er mismunandi tegundum ofbeldis lýst, byggt m.a. á skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2002, bls. 3).

**Líkamlegt ofbeldi:** T.d. að kýla, slá, sparka, hrinda, halda og misnotkun á lyfjum viðkomandi.

**Andlegt ofbeldi:** T.d. að hóta, skamma, ógna, niðurlægja, útiloka frá samskiptum, stjórna, þvinga, einangra, hindra aðgang að stuðningi og aðstoð. Til andlegs ofbeldis telst einnig ofbeldi og áreitni sem felur í sér mismunun (sjá neðar).

**Kynferðislegt ofbeldi:** T.d. nauðgun, kynferðislegt áreiti eða kynferðislegar athafnir sem einstaklingur hefur ekki samþykkt, gæti ekki samþykkt vegna skerðingar eða var þvingaður til þess að samþykkja.

**Fjárhagsleg og efnisleg misnotkun:** T.d. þjófnaður, svik, misnotkun fjármuna, þrýstingur vegna ráðstafana fjármuna, misnotkun og vísitandi eyðilegging á eignum.

**Vanræksla:** T.d. vanræksla varðandi lyfjagjöf og líkamlega umönnun.

**Ofbeldi/áreitni sem felur í sér mismunun:** Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Þessi listi er ekki tæmandi þar sem ofbeldi getur haft mjög margar birtingarmyndir.

## Staða mála á Íslandi

Í þeim tilgangi að varpa ljósi á samhengi á alþjóðlega vísu er vert að nefna rannsókn sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) birtir inni á heimasíðu sinni. Þar er um að ræða viðamikla yfirlitsrannsókn þar sem farið var yfir rannsóknir frá mörgum löndum til að afla upplýsinga um algengi ofbeldis gegn fólki yfir sextugu. Höfundar miðuðu við undanfarna tólf mánuði og reiknaðist til að algengi ofbeldis gegn fólki 60 ára og upp úr, undanfarna 12 mánuði, væri 15,7% (Yon, Mikton, Gassoumis og Wilber, 2017).

Sjónum verður nú beint að Íslandi, en árið 2010 var birt rannsókn sem hafði verið gerð að erlendri fyrirmynd og var ætlað að mæla umfang ofbeldis karla gegn konum. Niðurstöðurnar byggja á símakönnun þar sem tekið var 3000 einstaklinga slembiúrtak úr þjóðskrá sem samanstóð af konum á aldrinum 18-80 ára (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010). Alls tóku 2.050 konur þátt í könnuninni og var svarhlutfallið því nokkuð hátt eða 68%. Niðurstöður rannsóknarinnar voru mjög upplýsandi um algengi kynbundis ofbeldis á Íslandi. Af þeim sem svöruðu höfðu 42% orðið fyrir ofbeldi einhvern tímann frá 16 ára aldri og 22% þeirra sem svöruðu könnuninni höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi.

Ellefu prósent þeirra kvenna sem voru á aldrinum 65-80 ára þegar þær svöruðu könnuninni sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni. Höfundar benda hins vegar á að þær þurfi að líta lengra aftur en þær sem yngri eru, hafi margar önnur viðhorf til ofbeldis og geri mögulega lítið úr hverju sem þær hafa lent í á lífsleiðinni. Af þessum ástæðum geti verið að raunverulegt umfang ofbeldis sem þessi hópur hefur orðið fyrir á lífsleiðinni sé vanmetið (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010). Síðan sláandi niðurstöður þessarar rannsóknar voru birtar hafa íslensk stjórnvöld gerst aðilar að Istanbúlsamningnum, en hann var undirritaður árið 2011. Samningurinn er fyrsti bindandi samningurinn sem snýr að vinnu gegn ofbeldi á konum. Í honum er kveðið á um réttindi brotþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, sinna forvörnum gegn ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, 2011).

Af ýmsum ástæðum er erfitt að meta umfang ofbeldis í garð aldraðra. Ástæðurnar eru m.a. þær að aldraðir skilgreina sjálfir ekki ofbeldi með sama hætti og yngri kynslóðir og að aldraðir eru ekki endilega tilbúnir til að ræða það ofbeldi sem þeir hafa orðið fyrir. Að auki getur verið erfitt að fá aldraða til að taka þátt í könnunum.

Því er líklegt að tölfræði sem byggir á spurningakönnun endurspeglar ekki raunverulegt umfang ofbeldis gegn öldruðum.

Árið 2016 var gerð rannsókn á högum og líðan eldri borgara á Íslandi (Helgi Guðmundsson, 2017) og í henni var m.a. spurt um ofbeldi og vanrækslu. Könnuninni var svarað af 1028 einstaklingum og var svarhlutfallið 57%. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar sögðust ellefu einstaklingar hafa orðið fyrir vanrækslu síðan þau komust á eftirlaunaaldur, fjórir svöruðu að þau hefðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, 31 sagðist hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi og 22 fyrir fjárhagslegu ofbeldi (Helgi Guðmundsson, 2017). Í niðurstöðum voru þessar tölur ekki kyngreindar. Höfundur rannsóknarinnar tilgreinir að líklega séu þessar tölur lægri en raunin er þar sem fólk er ekki endilega reiðubúið til að segja frá ofbeldi auk þess sem skilningur fólks á ofbeldi getur verið misjafn (Helgi Guðmundsson, 2017).

Kannað var 2007 hvort starfsfólk í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í Reykjavík yrði vart við ofbeldi í garð aldraðra (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010). Það fengust svör frá 158 einstaklingum sem störfuðu í félagslegri heimaþjónustu og frá 65 sem störfuðu við heimahjúkrun. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hve algengt væri að þau yrðu vör við ofbeldi gegn öldruðum í störfum sínum auk þess að kanna hvernig þau skilgreindu ofbeldi gegn öldruðum. Einnig hvort þau hefðu fengið fræðslu um ofbeldi gegn öldruðum og svo að lokum hvaða viðhorf þau hefðu til þess að láta vita eða tilkynna um ofbeldi (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010).


Starfsfólk var spurt hvort það hefði unnið á heimilum þar sem það hefði orðið vart við eina eða fleiri vísbendingar um ofbeldi eða vanrækslu. Auk þess voru þau spurð hvort þau hefðu orðið vitni að eða grunað að aldraður notandi hefði verið beittur ofbeldi á seinustu 12 mánuðum. Það kom í ljós að 57% starfsfólks félagslegrar heimaþjónustu merkti við eina eða fleiri lýsingu/tegund af vanrækslu og/eða ofbeldis auk þess sem 20% þeirra höfðu orðið vör við eða grunað að ofbeldi gegn öldruðum notanda hefði átt sér stað á seinustu 12 mánuðum (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010). Hlutfall þeirra sem merktu við lýsingar á ofbeldi var hærra á meðal þeirra sem störfuðu í heimahjúkrun heldur en hjá þeim sem störfuðu í félagslegri heimaþjónustu en 83% svarenda sem störfuðu í heimahjúkrun merktu við lýsingu á aðstæðum sem bentu til vanrækslu og/eða ofbeldis.

Starfsfólk í heimahjúkrun hafði einnig frekar orðið vitni að eða haft grun um ofbeldi gegn öldruðum eða alls 44%. Þess ber að geta að þau sem starfa í heimahjúkrun sinna almennt þjónustu inni á heimilum veikari einstaklinga sem eru þess vegna í viðkvæmri stöðu (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010). Úr þessum niðurstöðum má lesa að árlega verður tæplega annar hver starfsmaður heimahjúkrunar og fimmti hver starfsmaður félagslegrar heimaþjónustu var við ofbeldi, sumir oftast en einu sinni (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010). Rétt er að vekja athygli á því að hluti starfsmanna virtist ekki telja vanrækslu eða misnotkun á fjármunum einstaklinga til ofbeldis.

Hjá Reykjavíkurborg er tekin saman tölfræði um útköll vegna heimilisofbeldis og hún er uppfærð á vef Reykjavíkurborgar mánaðarlega. Tölfræðin er kyngreind eftir kyni brotabola og geranda og aldri brotabola.


Í tölfræði lögreglunnar er heildarfjöldi útkalla vegna heimilisofbeldismála í Reykjavík meiri en hjá Reykjavíkurborg. Þennan mun má fyrst og fremst rekja til tveggja þátta. Annars vegar koma brotabolar í sumum tilvikum á lögreglustöðina til að tilkynna um heimilisofbeldi og þá er ekki alltaf ástæða til að fá ráðgjafa frá borginni. Einnig geta ráðgjafar ekki farið inn á heimili, ef engin börn eru þar, nema með leyfi húsráðenda. Tölfræði Reykjavíkurborgar nær yfir þau skipti sem ráðgjafar eru kallaðir til af lögreglunni af því að börn eru á heimilinu og þegar engin börn eru á staðnum en húsráðendur vilja þiggja aðstoð.

Í þeim útköllum sem starfsfólk velferðarsviðs fór í árið 2018 (Saman gegn ofbeldi, 2019) voru brotabolar 60 ára og eldri samtals átta, fimm konur og þrjú karlar, sjá aldursdreifingu á mynd 1.



**Mynd 1. Fjöldi útkalla/tilkynninga sem velferðarsvið fór í 2018 eftir kyni og aldri brotabola.**

Í tölum Lögreglunnar sést að brotabolar 60 ára og eldri voru samtals 34, 15 konur og 19 karlar. Sjá aldursdreifingu á mynd 2.



**Mynd 2. Fjöldi útkalla/tilkynninga sem bárust Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 2018 eftir kyni og aldri brotþola.**

Rétt er að vekja athygli á því að tölfræði Lögreglunnar eftir kyni og aldri, mynd 2, nær til höfuðborgarsvæðisins alls en ekki bara til Reykjavíkurborgar.

Tölurnar frá Lögreglunni gefa aðra mynd af heimilisofbeldi í aldurshópnum 60 ára og eldri heldur en í öðrum hópum þar sem fleiri karlar eru brotþolar en konur. Karlar eru þó líka fleiri en konur í aldurshópnum 19 ára og yngri. Í útköllum borgarinnar í aldurshópnum 60 ára og eldri eru, eins og áður segir, fleiri konur en karlar brotþolar en það er hins vegar um mjög fá útköll að ræða.

Það ber að fara varlega í að túlka þessi fáu útköll í aldurshópnum 60 ára og eldri því það hefur komið fram í erlendum rannsóknum að eldra fólk sem verður fyrir ofbeldi sé mun ólíklegra til að leita sér aðstoðar eða tilkynna um ofbeldi en það sem yngri er (Perel-Levin, 2008). Samkvæmt norski rannsókn sem gerð var á algengi ofbeldis á meðal 65 ára og eldri kom til dæmis fram að afar fáir svarendur höfðu tilkynnt ofbeldi sem þeir höfðu orðið fyrir (Sandmoe, Wentel-Larsen og Hjemdal, 2017). Það átti bæði við um ofbeldi sem þau höfðu orðið fyrir fyrr á lífsleiðinni en líka ofbeldi sem þau urðu fyrir eftir að þau náðu 65 ára aldri.


### Kyn og ofbeldi

Konur eru almennt langlífari en karlar en konur eru líka mun líklegri en karlar til að verða fyrir ofbeldi á lífsleiðinni (Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir, 2016). Konur eru einnig líklegri en karlar til að verða fyrir einhvers konar mismunun yfir ævina, hvort sem það snýr að misrétti á vinnumarkaði, lakara aðgengi að menntun eða jafnvel verra aðgengi að þjónustu (Perel-Levin, 2008). Í tengslum við áralanga mismunun og jafnvel ofbeldi sem konur hafa orðið fyrir í tengslum við kyn sitt glíma þær oft við heilsuþrengingur sem má skýra með álaginu sem þessu fylgir (Perel-Levin, 2008). Launamunur kynjanna fylgir konum út ævina þar sem lífeyrisgreiðslur taka mið af launum auk þess að lægri laun draga úr möguleikum fólks á að leggja til hliðar. Þessi ójafna staða kvenna og karla á fullt erindi í umræðu um ofbeldi gegn öldruðum þar sem eldri konur eru oft á tíðum enn háðari gerandanum en yngri konur. Þetta á sérstaklega við um þær konur sem aldrei hafa unnið utan heimilis og eru því ekki fjárhagslega sjálfstæðar (Safe Lives, 2016).

Það er einnig mikilvægt að horfast í augu við að kynslóð sem telst öldruð árið 2019 hefur lifað við annað samfélagslegt skipulag en kynslóðin sem verður öldruð árið 2040 svo eitthvað sé nefnt. Þau hafa alist upp við þau viðhorf að heimilið og það sem gerist innan veggja þess sé einkamál. Þetta leiðir til þess að heimilisofbeldi fer leynt. Það sem jafnframt gerist í mörgum tilfellum er að meðal hjóna verður annar aðilinn og þá oft brotþoli helsti umönnunaraðili geranda síns vegna veikinda á efri árum (Safe Lives, 2016).


Heimilisofbeldi telst til kynbundins ofbeldis og það þarf alltaf að taka tillit til mismunandi stöðu mismunandi hópa. Því tengt má nefna að konur af erlendum uppruna eiga í mikilli hættu á að verða fyrir ofbeldi vegna uppruna síns og/eða takmarkaðrar þekkingar á kerfinu hér á landi sem leiðir af sér að þær leita sér síður hjálpar. Auk þess eiga þær margar minna, jafnvel ekkert, bakland hér á landi (Reykjavíkurborg, 2016). Einnig er mikilvægt að vekja athygli á því að fatlaðar konur eru líklegri en nokkur annar hópur til að verða fyrir ofbeldi, þær eru líklegri til að vera beittar ofbeldi yfir löng tímabil og eru í sérstaklega miklum áhættuhóp þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi (Reykjavíkurborg, 2015).

Í verkefninu **Saman gegn ofbeldi** árið 2018 fóru fulltrúar velferðarsviðs með lögreglunni í 201 útkall, 156 konur voru brotþolar og 45 karlmenn (78% konur og 22% karlar), sjá mynd 3.



**Mynd 3. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2018 í Reykjavík eftir kyni brotþola**

Mynd 4 sýnir fjölda útkalla og/eða tilkynninga velferðarsviðs eftir kyni gerenda. Í 201 útkalli sem farið var í á árinu voru 169 karlmenn gerendur og 32 konur (84% karlar og 16% konur), sjá mynd 4. Það er því ljóst að gerendur eru í miklum meirihluta karlar og brotþolar í miklum meirihluta konur og mikilvægt að laga þjónustuna að þeim veruleika.



**Mynd 4. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2018 í Reykjavík eftir kyni gerenda, velferðarsvið**

Kyn er samt ekki eingöngu mikilvæg breyta þegar verið er að skoða kyn gerenda og brotþola heldur skiptir kyn líka máli þegar rýnt er í tölur varðandi tegundir ofbeldis og tengsl brotþola og gerenda. Í norskri rannsókn á algengi ofbeldis og misnotkunar á meðal fólks 65 ára og eldra kom í ljós að ekki var marktækur munur á heildaralgengi ofbeldis gegn konum og körlum í þessum aldurshópi. Hins vegar kom í ljós að í málum karlkyns brotþola voru gerendur oftast ókunnugir en gerendur í tilfellum kvenkyns brotþola voru nátengdir þeim (Sandmoe, Wentel-Larzen og Hjemdal, 2017).

Það er mikilvægt að vera meðvituð um að staða fólks ákvarðast ekki einvörðungu af kyni eða aldri. Líkt og kom fram í inngangi skýrslunnar hefur undir hatti verkefnisins **Saman gegn ofbeldi** verið fjallað um mismunandi hópa fólks og heimilisofbeldi. Það má ekki missa sjónar á því að fólk getur tilheyrt mörgum hópum hverju sinni og þannig geta sumir upplifað margþætta mismunun. Dæmi um margþætta mismunun gæti t.d. verið fatlaðar konur en þær eru dæmi um hóp sem verður fyrir mismunun á grundvelli kyns og fötlunar (Reykjavíkurborg, 2015). Eldra hinsegin fólk er að sama skapi hópur sem er fullt tilefni til að beina sjónum að. Árið 2017 héldu Samtökin 78 þjóðfund hinsegin fólks undir nafninu Samtakamátturinn. Þar fóru fram hringborðsumræður um hin ýmsu efni sem tengdust málefnum hinsegin fólks og voru umræðuefnið valin af þátttakendum. Einn hópurinn ræddi um stöðu hinsegin eldri borgara og kom meðal annars í ljós að það er talið að hinsegin fólk fari margt aftur inn í skápinn með hækkandi aldri. Í tengslum við þetta má draga þá ályktun að hinsegin eldra fólks sé hópur sem þurfi að huga betur að og taka með í reikninginn þegar þjónusta við aldraða er útfærð (RÚV, 2017).

#### **Þekking starfsfólks á ofbeldi gegn öldruðum**

Það er ljóst að starfsfólk í öldrunarþjónustu, hvort sem hinn aldraði einstaklingur fær þjónustu í heimahúsi eða á öldrunarstofnun, er í lykilaðstöðu til að greina hvort hinn aldraði búi við ofbeldi.



Samkvæmt íslenskum rannsóknum, sem þó eru ekki margar, hefur komið fram að starfsfólk skorti þekkingu og úrræði til að bregðast við verði það vart við ofbeldi gegn öldruðum skjólstæðingum inni á heimilum þeirra. Þessi skortur á þekkingu eða úrræðum á t.d. við þá sem vinna í heimaþjónustu (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010). Ofbeldið sem um er að ræða getur verið andlegt ofbeldi af hálfu skyldmenna, sérstaklega barna brotþola, eða vanræksla í garð brotþola (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010).

Því hefur verið velt upp hvort þjónustuveitendur séu vakandi fyrir ofbeldi þegar kemur að öldruðum og hvort viðbrögð fólks innan heilbrigðiskerfisins til dæmis séu á einhvern hátt bjöguð vegna vanþekkingar á því að aldrað fólk geti verið þolendur ofbeldis (Allock, 2018; Safe lives, 2016; Kilbane og Spira, 2010). Þetta gæti birst í því að þjónustuveitandi leiði hjá sér áverka sem myndu vekja athygli viðkomandi væru þeir á yngri skjólstæðingum. Kona yfir sjötugu gæti verið með marblett á undarlegum stað en vegna aldurs gerir þjónustuveitandi ráð fyrir að þetta sé eftir bylту og spyr því ekki um mögulegt ofbeldi eða aðstæður á heimilinu (Safe Lives, 2016).

Það hefur verið bent á að konur yfir sextugu séu ósýnilegar á meðal þeirra sem veita fólki þjónustu vegna heimilisofbeldis. Í sömu gagnrýni er nefnt að ofbeldi gegn öldruðum sé nánast stillt upp sem kynlausu fyrirbæri og að ætla mætti að kynferði hrynji af fólki með hækkandi aldri. Raunin sé hins vegar sú að á meðal aldraðra sé meirihluti brotþola konur (Perel-Levin, 2008). Það stangast á við tölfræði Lögreglunnar á höfuborgarsvæðinu en mikilvægast er að hafa í huga að líklega er meira um ofbeldi gegn öldruðum en tölfræðin gefur til kynna.

Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins fyrir árið 2018 kemur fram að 5% þeirra sem þangað leituðu voru 61 árs og eldri (Kvennaathvarfið, 2019) og þetta eru eðli málsins samkvæmt aðeins konur. Svipaða sögu er að segja um Bjarkarhlíð en 2018 voru 5% þeirra sem þangað leituðu 60 ára eða eldri. (Bjarkarhlíð, 2019). Bjarkarhlíð veitir öllum þjónustu óháð kyni en konur voru í miklum meirihluta þeirra sem þangað leituðu árið 2018. Af þeim 479 sem leituðu til Bjarkarhlíðar voru 417 konur (87%) og 62 karlar (13%). Í upplýsingum Bjarkarhlíðar er kyn ekki skráð eftir aldursbilum. Bjarkarhlíð veitir fólki líka þjónustu vegna eldri áfalla svo hópurinn sem þangað leitar er aðeins blandaðri með tilliti til ástæðu komu. Til dæmis koma sumir vegna kynferðisofbeldis sem fellur ekki undir heimilisofbeldi í þeim tilvikum sem gerandi er ekki skyldur eða tengdur. Sé aldursdreifing þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2018 skoðuð er það sama uppi á teningnum, þ.e. fáir leita sér aðstoðar í þessum aldursþópi. Af þeim 359 sem þangað leituðu árið 2018 voru 13 einstaklingar yfir sextugu. Sé kynjaskiptingin skoðuð voru það 311 konur sem leituðu (88%) þangað en 47 karlar (12%). Kyn er ekki skráð eftir aldursbilum.

### **Breytingar sem þarf að gera á lögum um málefni aldraðra eða túlkun á lögum um málefni fatlaðs fólks**

Á Íslandi í dag er í öldrunarþjónustu gripið til ýmissa þvingandi aðgerða til að tryggja öryggi aldraðra sem t.d. gætu verið komin með heilabilun. Má þar nefna frelsisskerðingu t.d. með lokuðum deildum, þvingaða umönnun til að koma í veg fyrir vanrækslu og fleira. Misjafnt er hvort leitað hafi verið annarra leiða áður en gripið er til þvingunar og í sumum tilvikum getur þvingun sem beinist að einum haft áhrif á marga aðra.

Það er vert að nefna að á Íslandi hafa komið upp mál þar sem aðstandendur hafa einangrað hinn aldraða, sem er þá yfirleitt kominn með heilabilun, og ekki leyft neinum að kanna ástand eða aðbúnað viðkomandi. Grunur hefur þá vaknað um vanrækslu og/eða ofbeldi en í ljósi þess að lög um

réttindagæslu aldraðra eru ekki til staðar hefur enginn ótvíræða lagaskyldu né umboð til að fara inn á heimilið, rannsaka málið né fjarlægja hinn aldraða af heimilinu ef grunurinn reynist réttur.

Til eru lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og má færa fyrir því rök að sambærileg lög ættu einnig að vera til fyrir aldraða. Markmið laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 er að tryggja fötluðu fólki stuðning við gæslu réttinda sinna og tryggja að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks sé virtur og réttaröryggis sé gætt til fullnustu þegar nauðsynlega þarf að grípa inn í líf þess.

Í lögnum er einnig fjallað um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Það er hins vegar viðurkennt að í sumum tilvikum geti þurft að grípa til nauðungar eða þvingunar til að vernda einstakling eða þá sem eru í nábýli við einstaklinginn. Verndun í formi þvingunar getur verið til að koma í veg fyrir að einstaklingur beiti aðra ofbeldi eða sjálfan sig eða verið beitt til að koma í veg fyrir sjálfsvanrækslu.

Í lögnum er kveðið á um að dregið skuli úr nauðung í lengstu lög. Á heimilum sem fatlað fólk býr á þarf að tilkynna og/eða sækja um leyfi til sérfræðiteymis ef beita á nauðung eða þvingunum. Teymið er skipað einstaklingum með sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks auk þess að hafa þekkingu og reynslu af aðferðum til að koma í veg fyrir beitingu nauðungar. Teymið veitir ráðgjöf, umsagnir og tekur við tilkynningum um beitingu nauðungar. Auk teymisins er starfandi sérstök nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar. Í þeirri nefnd skv. lögnum, skulu sitja einstaklingar með sérþekkingu á mannréttindamálum, þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd laga á því sviði.

Framkvæmd laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 byggir á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Alþjóðleg hagsmunasamtök fólks með vitglöp/heilabilanir hafa bent á að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks gildi einnig um þann hóp (Swaffer, 2017). Þar sem aldraðir sem búa við vitglöp/heilabilanir eru fatlaðir þá hlýtur að teljast eðlilegt að lög um málefni fatlaðs fólks séu túlkuð með þeim hætti að þau nái einnig yfir þann hóp eða að öðrum kosti séu settar sambærilegar greinar inn í lög um málefni aldraðra.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slíkt er lagt til því samstarfsnefnd, skipuð af þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, um málefni aldraðra skilaði m.a. af sér tillögum í þessa veru í september árið 2016 (Velferðarráðuneytið, 2016). Nefndin lagði meðal annars til að sú heimild, og utanumhald, sem nú er til samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 yrði nýtt til að gera öldruðum mögulegt að fá réttindagæslumann og persónulegan talsmann auk ákvæða um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við aldraða. Það þurfi að gera grein fyrir því hvers vegna þvingun sé beitt í þjónustu við einstakling, líkt og í þeim tilfellum þegar þvingunum er beitt í þjónustu við fatlað fólk. Í tillögunni er jafnframt tekið fram að sérfræðiteymi og undanþágunefnd sem er nú starfandi í tengslum við réttindagæslu fatlaðs fólks gæti þjónað sama hlutverki gagnvart öldruðum (Velferðarráðuneytið, 2016).

Tillögur í þessa veru hafa nokkrum sinnum verið lagðar fram á þingi en ekki náð lengra. Í september 2015 var þingsályktunartillaga um embætti umboðsmanns aldraðra lögð fram á Alþingi en hlaut ekki afgreiðslu (þingskjal nr. 1014/2014-2015). Að sama skapi var tillaga til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra lögð fram á Alþingi í apríl 2019 (þingskjal nr. 1303/2018-2019). Tillagan var send til velferðarnefndar 13. maí s.l. og er enn í vinnslu.


## Velferðartækni

Velferðartækni hefur komið fram á sjónarsviðið og mun hlutdeild hennar í þjónustu við aldraða líklega aukast á næstu árum vegna tækniframfara. Hugtakið er í raun mjög vítt en í sem einföldustu máli er hægt að segja þetta tækni sem nýtist til að auka sjálfræði, samfélagslega þátttöku og lífsgæði fólks (Kamp, Obstfelder og Andersson, 2019). Dæmi um slíka tækni er sjálfvirkir blóðsykursmælar til þess að fólk sem þess þarfnast sé vakandi fyrir sveiflum í blóðsykri, félagslegur stuðningur í gegnum spjaldtölvu og margt fleira (Kamp, Obstfelder og Andersson, 2019).

Í velferðartækni eru mikil sóknarfæri í þjónustu við fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra, en þess þarf að gæta mjög vel að setja reglur um notkun þessara tæknilausna. Það er gríðarlega mikilvægt að persónuverndar einstaklings sé gætt án þess að draga úr öryggi viðkomandi.

## Þróun aldurssamsetningar

Á næstu áratugum má sjá fram á miklar breytingar á aldurssamsetningu í heiminum. Út frá mannfjöldaspám Hagstofu Íslands verða mun fleiri einstaklingar 65 ára og eldri á Íslandi árið 2040 en árið 2019. Ef litið er til kvenna mun konum 65 ára og eldri fjölga úr 26.489 árið 2019 í 46.150 árið 2040. Svipað er uppi á teningnum varðandi karla en munurinn á milli 2019 og 2040 mælist þó aðeins minni í þeirra hópi (Hagstofa Íslands, 7. ágúst 2019).



### Mynd 5. Fjöldi kvenna og karla 65 ára og eldri á Íslandi 2019 og áætlaður fjöldi 2040.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bendir á að líklega muni ofbeldi gegn öldruðum innan stofnana aukast samfara fjölgun aldraða í heiminum þar sem fjölguninni mun líklega fylgja aukið álag á þær stofnanir þar sem hópnun er veitt þjónusta (WHO, 2008).

Það er við því að búast, og vonandi verður það svo, að þeir sem verða aldraðir árið 2040 hafi önnur viðhorf til ofbeldis en þeir sem eru aldraðir núna. Það hefur orðið heilmikil vitundarvakning um ofbeldi og aukinn skilningur á því hvað telst vera ofbeldi og hverjar afleiðingar þess eru. Þannig má leiða að því líkur að meðvitund um hvað ofbeldi sé, verði meiri meðal þeirrar kynslóðar sem mun teljast til aldraða 2040 en meðal þeirra sem eru aldraðir núna.

Í rannsóknum þar sem spurt er um viðhorf fólks sem nú telst aldrað til ofbeldis má greina viðhorf sem er mjög frábrugðið því sem viðgengst á meðal fólks sem nú er um 25 til 40 ára. Það sést glögglega í rannsókn Sandmoe, Wentel-Larzen og Hjemdal (2017) en þar var spurt hvort fólk hafi tilkynnt um

ofbeldi sem það hafði orðið fyrir um ævina. Afar fá þeirra höfðu tilkynnt ofbeldið og ástæður þess voru ýmist að þau töldu ofbeldið ekki nógu alvarlegt eða þau höfðu sett fyrir sig hvernig ætti að segja frá atvikinu. Sum þeirra sem svöruðu nefndu einnig að ofbeldið sem þau hefðu orðið fyrir sem börn eða unglingar hafi einfaldlega verið hluti af uppeldisaðferðum þess tíma og því hafi þau ekki gert neitt (Sandmoe, Wentel-Larzen og Hjemdall, 2017). Í þessum svörum má greina að kynslóðin sem um ræðir hafi önnur viðhorf en yngra fólk til þess hvenær er um ofbeldi að ræða sem þurfi að tilkynna og fá aðstoð vegna.

### **Aukin samvinna stofnana**

Aldrað fólk fær oft þjónustu frá mörgum mismunandi þjónustuveitendum og stofnunum. Má þar nefna heimilislækni á heilsugæslu, félagslega heimaþjónustu á vegum sveitarfélagsins og heimahjúkrun, einnig geta þau þurft að leggjast inn á spítala til aðhlyningar. Í þessum tilvikum skiptir máli að fólk sem er að þjónusta aldraða geti átt samstarf sín á milli með það að augnamiði að veita sem besta þjónustu. Nauðsynlegt er að efla samvinnu á milli stofnana og skýra verkferla í tengslum við þjónustu við aldraða notendur þjónustu.

### **Leiðir til að miðla upplýsingum til eldra fólks**

Í tengslum við átak til að vekja athygli á ofbeldi í nánnum samböndum var í Bretlandi gerð könnun meðal eldra fólks um það hvernig best væri að koma upplýsingum til þeirra. Þessi hópur nýtir sér minna samfélagsmiðla en þeir sem yngri eru og þau sem tóku þátt nefndu helst auglýsingar á strætóskýlum og að vera með upplýsingaefni sýnilegt í hverfisverslunum sem og á heilsugæslustöðvum þar sem þau færu reglulega til heimilislæknis (Safe Lives, 2016). Hér á landi mætti bæta við félagsmiðstöðvum og stöðum þar sem dagdvöl aldraðra fer fram.

Það þarf hins vegar ekki eingöngu að huga að því hvar efnið er aðgengilegt heldur er einnig mikilvægt að efnið sjálft sé sniðið að þessum hópi. Eins og fram hefur komið hér að framan eru ríkjandi önnur viðhorf til ofbeldis hjá þeim sem eldri eru þó það eigi auðvitað ekki við um alla (Sandmoe, Wentel-Larzen og Hjemdall, 2017). Það er því nauðsynlegt að setja efnið fram á þann hátt að það sé vel skilgreint hvað heimilisofbeldi er og hvers kyns framkoma og hegðun teljist vera ofbeldi. Þannig gæti verið að fólk átti sig á að ofbeldi sem það sætir heima fyrir sé ekki eðlileg hegðun sem eigi að líta á sem einkamál heldur geti þau leitað sér aðstoðar og fengið stuðning, bæði brotapolí og gerandi.

### **Tillögur að aðgerðum**

#### **Fræðsla**

Birtingarmyndir ofbeldis eru margvíslegar og í ljósi þess að aldrað fólk fær oft þjónustu frá mörgum aðilum þá er það einstaklega berskjaldað fyrir því. Þess vegna er mikilvægt að starfsfólk sem vinnur með öldruðum hafi þekkingu á ofbeldi og birtingamyndum þess þegar það hefur störf í

öldrunarþjónustu. Einnig er nauðsynlegt að fólk sem þegar starfar í öldrunarþjónustu fái reglubundið endurmenntun á þessu sviði.

#### **Tillögur hópsins:**

- 1.a Vera með nýliðafræðslu um aldraða og ofbeldi sem væri skylda fyrir starfsfólk í öldrunarþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Fræðslan byggir á fyrirlestrum og umræðum.
- 1.b Þjóða upp á fræðslu um aldraða og ofbeldi í fræðsludagskrá velferðarsviðs fyrir alla sem hafa áhuga á.
- 1.c Vera með rafræna fræðslu um efnið. Forstöðumenn í samráði við mannauðsdeild velferðarsviðs ákveði hvernig útfærslu á henni sé háttað.

**Ábyrgð:** Velferðarsvið og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/*Saman gegn ofbeldi*.

#### **Skimun**

Tryggja þarf að starfsfólk á þjónustumiðstöðvum sé meðvitað um ofbeldi gegn öldruðum og hafi verkfæri og þekkingu til að skima eftir einkennum og ræða um ofbeldi. Reykjavíkurborg er með þær verklagsreglur að spyrja um ofbeldi þegar viðtöl eru tekin við notendur á þjónustumiðstöðvum. Leggja þarf áherslu á að bæta þá skimun en í úttekt kom í ljós að ekki eru allir að sinna henni sem skyldi en þeir sem gera það telja það afar gagnlegt.

#### **Tillaga hópsins:**

2. Bæta skimun Reykjavíkurborgar á þjónustumiðstöðvum og leggja áherslu á að hún nái einnig til þeirra sem eru að fá öldrunarþjónustu.

**Ábyrgð:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/*Saman gegn ofbeldi* og velferðarsvið.

#### **Réttindagæsla og talsmenn aldraðra**

Starfshópurinn telur mikilvægt að innleitt verði í lög leiðir sem tryggja öldruðum aðstoð við að gæta réttar síns. Þessar leiðir þyrftu að fela í sér annað og meira en eftirlit með málaflökknum. Aldraðir þurfa að geta leitað aðstoðar við að sinna persónulegum þörfum á borð við að sækja heilbrigðisþjónustu og ráðstafa fjármunum. Þetta snýst einnig um að draga úr nauðung í þjónustu við aldraða. Tillögur í þessa veru hafa nokkrum sinnum verið lagðar fram á þingi en ekki náð lengra. Í september 2015 var þingsályktunartillaga um embætti umboðsmanns aldraðra lögð fram á Alþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Að sama skapi var tillaga til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra lögð fram á Alþingi í apríl 2019. Tillagan var send til velferðarnefndar 13. maí s.l. og er enn í vinnslu.

Hægt er að fara tvær leiðir til að koma þessu á koppinn. Annars vegar væri hægt að tilgreina að lög um málefni fatlaðs fólks næðu jafnframt yfir aldraða sem væru með fötlun. Það hefur hins vegar þann galla að gagnast ekki öldruðum sem ekki búa við fötlun en þyrftu sannarlega á stuðningi, aðstoð eða réttindagæslu að halda.

Hin leiðin sem er skýrari er að setja í lög um málefni aldraðra greinar um réttindagæslu og rétt á persónulegum talsmanni. Sami hópur réttindagæslumanna, samsett af einstaklingum með þekkingu bæði á málefnum fatlaðs fólks og aldraðra gæti hins vegar þjónað báðum hópum. Það ætti einnig við um sérfræðiteymið og undanþágunefndina sem er nú starfandi í tengslum við réttindagæslu fatlaðs fólks, þ.e. sérfræðiteymið og undanþágunefndin gæti þjónað bæði fötluðu fólki og öldruðum en gæta þyrfti þess að þekking á báðum hópum væri til staðar. Hægt er að hafa ákvæði laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk til hliðsjónar við gerð þessara lagagreina.

#### **Tillaga hópsins:**

3. Reykjavíkurborg beini því til löggjafans að gera réttarbætur á þann veg að sett verði á fót réttindagæsla aldraðra og að aldraðir eigi kost á persónulegum talsmanni. Einnig verði í lögnum ákvæði um bann við nauðung sbr. 5. kafla laga um réttindagæslu fatlaðs fólks.

**Ábyrgð:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/*Saman gegn ofbeldi*.

#### **Rannsóknir**

Mikilvægt er að vinna frekari rannsóknir á umfangi ofbeldis gegn öldruðum og eru ýmsar erlendar fyrirmyndir sem hægt er að líta til. Það er mikilvægt að ríkið, háskólasamfélagið og stofnanir sem veita öldruðum þjónustu leggist á eitt og afli þekkingar á umfangi ofbeldis gegn öldruðum og birtingamyndum þess og nýti þekkinguna til að bæta þjónustu við aldraða.

#### **Tillögur hópsins:**

- 4.a Ráðuneyti félagsmála verði hvatt til þess að sjá til þess að unnin verði rannsókn á umfangi ofbeldis gagnvart öldruðum í heimahúsum.
- 4.b Ráðuneyti heilbrigðismála verði hvatt til þess að sjá til þess að unnin verði rannsókn á umfangi ofbeldis á öldrunarheimilum.
- 4.c Ráðuneyti félagsmála og heilbrigðismála verði hvött til þess að sjá til þess að unnin verði rannsókn á algengi ofbeldis á meðal fólks 65 ára og eldra.

**Ábyrgð:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/*Saman gegn ofbeldi*.

#### **Verklag á heilsugæslustöðvum**

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að aldrað fólk sem verður fyrir ofbeldi er mjög ólíklegt til þess að leita aðstoðar hjá félagsþjónustu vegna heimilisofbeldis og að tilkynna atvik til lögreglu. Það eru hins vegar meiri líkur á að þau leiti til heilbrigðiskerfisins, til dæmis heilsugæslunnar í sínu hverfi, vegna áverka sem geta verið afleiðingar heimilisofbeldis. Í þeim tilvikum þar sem brotþoli leitar til heilsugæslu er mikilvægt að tengja við félagsþjónustuna svo hinn aldraði fái upplýsingar um þá þjónustu sem stendur til boða. Í sumum tilvikum væri mikilvægt að viðkomandi starfsmaður á heilsugæslu gæti, ísamræði við hinn aldraða, hringt í vakthafandi félagsráðgjafa í *Saman gegn ofbeldi* sem kæmi þá á staðinn.

### Tillögur hópsins:

- 5.a Að útbúið sé verklag innan heilsugæslunnar í tengslum við það þegar grunur er um ofbeldi gegn öldruðum.
- 5.b Að heilsugæslan skimi fyrir ofbeldi á meðal skjólstaðinga sem sækja um heimahjúkrun. Það mætti til dæmis hafa skimunartækið sem notað er af félagsráðgjöfum á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar til hliðsjónar við gerð tækisins hjá heilsugæslustöðvunum.
- 5.c Að heilsugæslan skimi fyrir ofbeldi þegar eldra fólk fær viðtal við öldrunarhjúkrunarfræðing á heilsugæslustöðvum. Í tilvikum sem ekki þola bið myndi starfsmaður á heilsugæslu geta kallað til vakthafandi félagsráðgjafa í **Saman gegn ofbeldi**.
- 5.d Að heilsugæslan uppfæri verklag og klínískar leiðbeiningar vegna ofbeldis og að verklag Reykjavíkurborgar og heilsugæslunnar verði samræmt.
- 5.e Að heilsugæslan geti vísað til félagsráðgjafa þjónustumiðstöðva en fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi nýtur forgangs að þjónustu þeirra.
- 5.f Að vakin sé athygli heilbrigðisstarfsfólks á því að hægt sé að vísa fólki sem orðið hefur fyrir ofbeldi í Bjarkarhlíð.

**Ábyrgð:** Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/**Saman gegn ofbeldi/Velferðarsvið**

### Öldrunarstofnanir Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg rekur tvö hjúkrunarheimili og 17 félagsmiðstöðvar fyrir aldraða. Það er mikilvægt að innan þessa starfsstaða sé það alveg skýrt hvernig starfsfólki beri að bregðast við verði það vart við ofbeldi og vanrækslu hvort sem er að af hálfu starfsfólks, aðstandenda eða annarra. Það er mjög mikilvægt að unnir verði skýrir verkferlar sem þurfa að vera aðgengilegir öldruðum, aðstandendum þeirra og þeim sem vinna með öldruðum. Ferlana þarf að minna á reglulega og þeir þurfa að vera til á ensku og pólsku auk íslensku. Verkferlarnir þurfa líka að fela í sér vernd fyrir starfsfólk sem verður vart við ofbeldi. Starfsfólk þarf að geta tilkynnt um ofbeldi án þess að óttast um starfsöryggi sitt eða eiga það á hættu að mæta neikvæðni samstarfsfólks.

Verkferlana þarf að vinna í samstarfi við fólk sem hefur þekkingu á þjónustu við aldraða sem og fólki með sérþekkingu á ofbeldismálum.

### Tillögur hópsins:

- 6.a Vinna skýra verkferla vegna ofbeldis eða gruns þar um sem eru aðgengilegir þjónustunotendum, þjónustuveitendum, starfsfólki, aðstandendum og öllum sem koma að þjónustu við aldraða.

- 6.b Að tryggja að til séu verkferlar og þekking á ofbeldi í garð eldri borgara á starfsstöðum borgarinnar sem þjónusta eldri borgara.
- 6.c Að sett verði sem skilyrði í samningum borgarinnar við hjúkrunarheimili að þar séu til staðar skýrir og virkir verkferlar ef upp koma mál í tengslum við ofbeldi.
- 6.d Að þessu verði fylgt eftir og farið yfir hvort verkferlar séu virkir í hvert sinn sem samningar eru endurnýjaðir við þessar stofnanir.

**Ábyrgð:** Velferðarsvið og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/*Saman gegn ofbeldi.*

### **Miðla upplýsingum til aldraðra**

Það er mikilvægt að upplýsingar um heimilisofbeldi, þjónustuveitendur og úrræði sem í boði eru fyrir brotabola séu aðgengilegar öldruðum. Leiðir til upplýsingamiðlunar þurfa að taka mið af því að þessi hópur er ólíklegri en þeir sem yngri eru til að nýta sér samfélags- og vefmiðla. Það þarf að gæta þess að upplýsingaefni sé þannig framsett að það höfði til þessa aldurshóps, þ.e. laga þarf efnistöð og framsetningu að hópnum. Líkt og fjallað hefur verið um hér að framan ólust þau sem teljast öldruð núna upp í öðrum tíðaranda en nú ríkir og hefur þetta m.a. áhrif á viðhorf til ofbeldis innan hópsins. Þetta birtist helst í því hvað fólk skilgreinir sem ofbeldi og hvað það telur vera sitt einkamál og eigi ekki að fara út fyrir heimilið. Það er mikilvægt að efnið höfði til hópsins, að dæmi séu tekin um aðstæður sem gætu talist sérstæðar fyrir þennan hóp. Þar má nefna ofbeldi af hendi maka sem er með heilabilun/alzheimer og beitir ofbeldi sem má rekja til sjúkdómsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Bretlandi hefur einnig mikið að segja hvar efnið er gert aðgengilegt og sýnilegt.

### **Tillögur hópsins:**

- 7.a Að útbúið verði upplýsingaefni fyrir aldraða um heimilisofbeldi. Efnið verði sniðið að hópnum, m.a. myndefni og þau dæmi sem eru tekin um ofbeldi.
- 7.b Að efnið verði birt eða sett upp á stöðum sem aldraðir sækja. Þar má nefna auglýsingar í móttökunni á heilsugæslustöðvum, bæklinga í hverfisverslunum, í félagsmiðstöðvum, í dagdvöl aldraðra, í sundlaugum, á vefsíðum Félags eldri borgara í Reykjavík og Landssambands eldri borgara, á bókasöfnum og á vef Heilsuveru.
- 7.c Að efnið verði aðgengilegt í prenti og á rafrænu formi.

**Ábyrgð:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/*Saman gegn ofbeldi.*

### **Samstarf heilsugæslu, þjónustumiðstöðva og Landspítala**

Aldraðir fá oft þjónustu frá mörgum aðilum sem vinna fyrir mismunandi stofnanir og eru ekki alltaf að stilla saman strengi sína. Aukið samstarf heilsugæslu og þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar við



bráðamóttöku og aðrar deildir Landspítalans gæti haft mjög góð áhrif á þjónustu við aldraða og eftirfylgd með málum þeirra.

### **Tillaga hópsins**

**8.a** Setja á fót þverfaglegan starfshóp skipaðan fagfólki sem starfar á Landspítalanum, þjónustumiðstöð/vum Reykjavíkurborgar og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Starfshópurinn vinni verklag sem nýta má þvert á þessar þjónustustofnanir til að tryggja sem besta þjónustu við aldraða og utanumhald um mál þeirra.

**Ábyrgð:** Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.



## Erindisbréf starfshóps sem á að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem aldraðir verða fyrir

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa og sporna gegn heimilisofbeldi. Vinna þessa starfshóps er liður í þeirri vinnu.

### Markmið

Að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem aldraðir verða fyrir.

### Fulltrúar í starfshópi:

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, formaður  
Sigrún Ingvarsdóttir, velferðarsviði  
Þóra Jónasdóttir, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu  
Guðrún Ögmundsdóttir/Berglind Eyjólfsdóttir, öldungarráði Reykjavíkurborgar  
Róbert Bender, Félagi eldri borgara  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Landssambandi eldri borgara  
Eva Kristín Hreinsdóttir, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu

### Hlutverk starfshópsins:

1. Greina stöðu mála og gera tillögur um úrbætur.
2. Greina birtingarmyndir heimilisofbeldis gagnvart öldruðu fólki.
3. Skoða íslenskt og erlent efni, m.a. kannanir og fræðiefni um ofbeldi og aldraða.
4. Finna leiðir til að ná til aldraða.
5. Finna leiðir til að auka þekkingu um ofbeldi gagnvart öldruðu fólki.
6. Gera tillögur að fræðslu um ofbeldi og aldraða.
7. Útbúa tillögur að aðgerðum til að sporna við heimilisofbeldi gagnvart öldruðu fólki.

### Ábyrgðarmaður starfshóps:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

### Starfstími vinnuhóps:

Frá júlí 2019 til október 2019.

### Til mögulegrar ráðgjafar og samstarfs, meðal annars:

Félagsmálaráðuneytið  
Heilbrigðisráðuneytið  
Félag öldrunarlækna  
Öldrunarfræðingar  
Landlæknir  
Fagdeildir sérfræðihópa  
Háskólasamfélagið  
Hagsmunasamtök aldraðra/grasrót

## Heimildir

Allcock, A. (2018). Older women and domestic abuse. ESSS Outlines. Iriss. Sótt af:

<https://www.iriss.org.uk/resources/esss-outlines/older-women-abuse>

Bjarkarhlíð. (2019). Ársskýrsla.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2017). Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi árið 2016:

Unnið fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytið og Landssamband eldri borgara. Reykjavík: Helgi Guðmundsson.

Hagstofa Íslands. Mannfjöldapróun á Íslandi 1841-2066. Sótt af:

[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldi\\_1\\_yfirlit\\_Yfirlit\\_mannfjolda/MAN00109.px/table/tableViewLayout1/?rxid=5dce1fa0-79bd-4f53-b31b-77ec8169b6f8](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_1_yfirlit_Yfirlit_mannfjolda/MAN00109.px/table/tableViewLayout1/?rxid=5dce1fa0-79bd-4f53-b31b-77ec8169b6f8)

Kamp, A., Obstfelder, A. og Andersson, K. (2019). Welfare technologies in care work. *Nordic journal of working life studies*, 9(5), 1-12.

Sótt af: <https://search.proquest.com/docview/2194525216/fulltextPDF/6538D9DA7AED452FPQ/2?accountid=135943>

Kilbane, T., & Spira, M. (2010). Domestic violence or elder abuse? Why it matters for older women.

*Families in Society*, 91(2), 165-170. Sótt af: <https://journals.sagepub.com/doi/10.1606/1044-3894.3979>

*Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011.*

María Helga Guðmundsdóttir (viðmælandi). (2017, 11. febrúar)RÚV. (11.2.2017). *Eldra fólk hverfur aftur inn í skápinn* (Brynjólfur Þór Guðmundsson, fréttamaður) [viðtal].

Sótt 10. október af: <https://www.ruv.is/frett/eldra-folk-hverfur-aftur-inn-i-skapinn>

Norwegian Centre for Violence and Traumatic Stress Studies. (2017). Violence and Abuse against Elderly People in Norway. Oslo: Astrid Sandmoe ,Tore Wentzel-Larsen og Ole Kristian Hjemdal

Sótt af: [http://www.inpea.net/resources/NKVTS\\_report\\_9\\_17\\_violence-against-the-elderly\\_web.pdf](http://www.inpea.net/resources/NKVTS_report_9_17_violence-against-the-elderly_web.pdf)

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. (2010). Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi. Reykjavík: Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds.

Reykjavíkurborg. (2015). Skýrsla starfshóps um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki.

Sótt af:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/lokaskyrsla\\_starfshops\\_ofbeldifatladfolk\\_endanleg\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/lokaskyrsla_starfshops_ofbeldifatladfolk_endanleg_0.pdf)

Reykjavíkurborg. (2016). Skýrsla starfshóps um leiðir til að ná til innflytjenda varðandi heimilisofbeldi.

Sótt af: [https://reykjavik.is/sites/default/files/lokaskyrsla\\_starfshops\\_ofbeldiutlendingar.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/lokaskyrsla_starfshops_ofbeldiutlendingar.pdf)

RIKK- Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum (2016). Saman gegn ofbeldi: Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. Reykjavík: Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir.

Ríkislögreglustjóri. (2018). Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála.

Sótt af: <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/06/Verklagsreglur-um-heimilisofbeldi-13.09.2018.pdf>

Safe Lives. (2016). *Safe Later Lives: Older people and domestic abuse* .

Sótt af: <http://safelives.org.uk/sites/default/files/resources/Safe%20Later%20Lives%20-%20Older%20people%20and%20domestic%20abuse.pdf>

Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

Evrópuráðið. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=0f41ca88-7e72-11e7-941c-005056bc530c>

Samtök um Kvennaathvarf. (2019). Ársskýrsla.

Sótt af:

<https://www.kvennaathvarf.is/wpcontent/uploads/2019/04/%C3%81rssk%C3%BDrsla-2018-4.pdf>

Sigrún Ingvarsdóttir. (2010). Ofbeldi gegn öldruðum: Viðhorf, þekking og reynsla starfsfólks í heimaþjónustu.

Sótt af: [http://skemman.is/stream/get/1946/4256/12362/1/PDF\\_fixed.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/4256/12362/1/PDF_fixed.pdf)

Stígamót. (2019). Ársskýrsla.

Sótt af: [https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/stigamot\\_arsskyrsla\\_2018\\_vef.pdf](https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/stigamot_arsskyrsla_2018_vef.pdf)

Swaffer, K. (2017). [People with dementia are fully recognised by the UN as CRPD right bearers](#)

Sótt af: <https://www.dementiaallianceinternational.org/tag/people-with-dementia-are-fully-recognised-by-the-un-as-crpd-rights-bearers/>

Velferðarráðuneytið. (2016). Mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára: Tillögur

samstarfsnefndar um málefni aldraðra til félags-og húsnæðismálaráðherra. Reykjavík:  
Höfundur. Sótt af: [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-  
media/media/skyrslur2016/Motun\\_stefnu\\_i\\_thjonustu\\_vid\\_aldrada\\_02092016.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Motun_stefnu_i_thjonustu_vid_aldrada_02092016.pdf)

World Health Organization. (2008). A global response to elder abuse and neglect. Building primary health care capacity to deal with the problem worldwide. Genf: Höfundur. Sótt af: [http://www.who.int/ageing/publications/elder\\_abuse/en/-index.html](http://www.who.int/ageing/publications/elder_abuse/en/-index.html)

World Health Organization. (2008). Discussing screening for elder abuse at primary health care level. Genf: Perel-Levin, S. Sótt af: [https://www.who.int/ageing/publications/Discussing\\_Elder\\_Abuseweb.pdf](https://www.who.int/ageing/publications/Discussing_Elder_Abuseweb.pdf)

World Health Organization. (2002). The Toronto declaration on the global prevention of elder abuse. Genf: Höfundur. Sótt af: [https://www.who.int/ageing/projects/elder\\_abuse/alc\\_toronto\\_declaration\\_en.pdf](https://www.who.int/ageing/projects/elder_abuse/alc_toronto_declaration_en.pdf)

Yon, Y., Mikton, C. R., Gassoumis, Z. D., & Wilber, K. H. (2017). Elder abuse prevalence in community settings: a systematic review and meta-analysis. *The Lancet Global Health*, 5(2), e147-e156.

Þingskjal nr.10/14/2014-2015. Tillaga til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra.

Þingskjal nr.1303/2018-2019. Tillaga til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra.